



Atvinnuveganefnd

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Sent á umsagnagátt Alþingis

Reykjavík, 5. júní 2024

## **Efni: Umsögn Samtaka atvinnulífsins um tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til ársins 2030 (1036. mál)**

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) vísa til tölvupósts atvinnuveganefndar Alþingis frá 22. maí þar sem óskað var umsagnar samtakanna um ofangreint mál. Meginmarkmið ferðamálastefnu er að tryggja framtíðarsýn ferðaþjónustu til lengri tíma, styðja við sjálfbærni í ferðaþjónustu á öllum sviðum og að íslensk ferðaþjónusta verði þekkt fyrir gæði og einstaka upplifun. Við framkvæmd ferðamálastefnu verður lögð áhersla á jafnvægi og samþættingu milli lykilstoða; efnahags, samfélags, umhverfis og gesta (þ.e. ferðamanna). Til að tryggja framgang stefnunnar til ársins 2030 er stefnt að því að vinna eftir aðgerðaráætlun sem uppfæra skal á tveggja ára fresti og felur í sér skilgreindar, kostnaðarmetnar og tímasettar aðgerðir. Samhliða framvindu aðgerða verður jafnframt unnið að því að skilgreina mælikvarða sem ná yfir lykilstoðirnar fjórar.

Líkt og fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni er ferðaþjónusta ein af undirstöðuatvinnugreinum Íslands og stór útflutningsstoð. Árið 2023 var hlutur ferðaþjónustu í vergri landsframleiðslu nærri 9% og útflutningstekjur nærri 600 ma.kr. eða 32% af útflutningstekjum þjóðarinnar. Ferðaþjónusta óx hratt hér á landi eftir fjármálahrun og náði ákveðnum hápunkti árið 2018 þegar hingað til lands komu 2,3 milljónir ferðamanna. Heimsfaraldur setti mikið strik í reikninginn en greinin hefur að vissu leyti náð vopnum sínum á ný og gera spár ráð fyrir að fjöldi ferðamanna í ár verði í kringum 2,4 milljónir. Ferðaþjónusta er ein stærsta atvinnugreinin hér á landi og því jákvætt að ríkisstjórnin marki sína framtíðarsýn og stefnu í þeim efnum, í samvinnu við atvinnugreinina, enda ýmislegt sem má gera betur til að tryggja að ferðaþjónusta geti haldið áfram að leggja sitt af mörkum til aukinna lífsgæða á Íslandi.

SA fagna því að ferðamálastefna sé aðgerðabundin en leggja áherslu á að samhengi, fyrirsjáanleiki og gagnsæi sé tryggt. Mikilvægt er að árangur þeirrar vinnu sem lagt er upp með sé mælanlegur en til þess þarf að tryggja skýra ábyrgð á útfærslu og innleiðingu aðgerða, eftirfylgni og endurmati. Í því ljósi er forgangsriðun einkar mikilvæg. Fjöldi aðgerða sem finna má í aðgerðaráætluninni hleypur á tugum og eru þær eins mismunandi og þær eru margar. Ekki er að sjá að tilraun hafi verið gerð til þess að forgangsraða aðgerðum á nokkurn hátt. SA sakna þess að aðgerðir séu t.d. settar í samhengi við verðmætasköpun og að einföldum og markvissum aðgerðum, sem stuðla hratt og örugglega að því að skapa ferðaþjónustu samkeppnishæfa rekstrarumgjörð, sé forgangsraðað. Loks má benda á að ýmis vandamál sem aðgerðaráætluninni er ætlað að leysa væru að öllum líkindum best leyst með því að færa rekstur ferðamannastaða í auknum mæli til einkaaðila, þótt eignarhald verði enn á herðum hins opinbera.



Þá virðist ekki hafa verið litið til þess að aðgerðirnar kunna að tengjast innbyrðis, s.s. aðgerðir er snúa að rannsóknum og gagnaöflun og þróun verkfærakistu til að meta þolmörk og bregðast við álagi á ferðamannastöðum, og jöfnun árstíðasveiflu og dreifingu ferðamanna um landið. Hvoru tveggja hlýtur að kalla á viðamikla gagnaöflun og rannsóknir fyrir hvern og einn áfangastað eða landshluta. Að öðrum kosti er óljóst hvernig meta á þolmörk og hugsanlega nauðsyn á álagsstýringu á tilteknum ferðamannastöðum eða hvernig bregðast eigi við árstíðasveiflunni.

Ljóst er að ekki verður hægt að búa til eina „ríkislausn“ þegar kemur að lausn þessara viðfangsefna enda óvíst hvaða ferðamannastaðir verða vinsælir þegar fram í sækir, hvort og þá hvernig álagsstýring henti best hverju sinni o.s.frv. Að mati SA verður samstarf hins opinbera og rekstraraðila því að vera í fyrirrúmi ásamt gagnadrifinni ákvarðanatöku. Ætla má að hér verði um að ræða umfangsmikið og viðvarandi verkefni ef vel á að vera – enda mikið undir.

Þegar kemur að gjaldtöku hvers kyns, hvort sem er vegna notkunar á innviðum eða til álagsstýringar þarf að stíga varlega niður. Hið opinbera hefur nú þegar lagt í umtalsverða fjárfestingu á mörgum ferðamannastöðum og því eðlilegt að greitt sé fyrir aðgang að þeim enda eru þegar til staðar heimildir til gjaldtöku víða. Samhliða þeim aðgerðum sem lagt er upp með í þingsályktunartillögum er sjálfsagt að fara yfir það hvort heimildir til gjaldtöku á ferðamannastöðum þurfi breytinga við, t.d. til samræmingar og einföldunar, hvernig gjöldin verða best nýtt og hverjir geti tekið ákvarðanir um álagningu þeirra. Að auki er nauðsynlegt að gera greinarmun á beinum og óbeinum gjöldum, það er á almennu aðgangsgjaldi að ferðamannastað og innheimtu gjalds fyrir veitta þjónustu. SA telja eðlilegt að ríki, sveitarfélög og einkaaðilar innheimti gjald fyrir þá þjónustu sem veitt er á hverju svæði fyrir sig. Bílastæði, heimreiðar, tjaldgisting, gestastofur, upplýsingar, bæklingar og margt fleira eru hlutir sem ferðamenn hafa getið gengið að án endurgjalds í mjög mörgum tilvikum. Eðlilegt er að áfram verði heimilt að innheimta slík gjöld óháð aðgangsgjaldi.

Samkvæmt þingsályktunartillögum hleypur kostnaðurinn við aðgerðirnar á hundruðum milljóna hið minnsta. Ætla má að sá kostnaður sé vanáætlaður upp að einhverju marki og óljóst hvernig fjármagna á boðaðar aðgerðir. Samtökin leggja höfuðáherslu á að aðgerðirnar verði ekki fjármagnaðar með aukinni skattheimtu af einstaklingum eða fyrirtækjum heldur með forgangsriðun í ríkisrekstri. Þá er einnig mikilvægt að tryggt verði að árangur og skilvirkni aðgerða verði metinn. Til þess er nauðsynlegt að samhliða aðgerðaáætluninni verði sett mælanleg markmið um framvindu hennar og endurmat aðgerða verði reglulegt svo hægt sé að tryggja árangur. Eftir því sem umsvif hins opinbera vaxa og kröfur um þjónustu aukast verða skilvirkni, hagkvæmni og árangursmælingar nauðsynlegri fyrir ábyrga nýtingu opinbers fjár.

### **Virðingarfyllst,**

f.h. Samtaka atvinnulífsins